

ómerka eptirfarandi meðferð málsins og dóminn í því. Eptir atvikum virðist málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjandi úrskurður 27. marz 1894 skal úr gildi felldur og eptirfarandi meðferð málsins og hjeraðsdómurinn vera ómerkt. Málskostnaður falli niður.

Nr. 47/1894:

Skúli Thoroddsen
gegn
Birni Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta er hörðað í hjeraði af ritstjóra Ísa-foldar Birni Jónssyni gegn ritstjóra blaðsins »Þjóðviljans unga« sýslumanni Skúla Thoroddsen út af meiðandi ummælum í 26. tölubl. nefnds blaðs, sem út kom í Reykjavík 31. ágústmán. 1893. Var mál-ið dæmt í aukarjetti Ísafjarðarkaupstaðar 13. júní 1894 á þá leið, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða 25 kr. sekt til landssjóðs eða sæta 7 daga einföldu fangelsi, ýms meiðyrði í hinni átöldu grein dæmd dauð og ómerk, áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 10 kr. í málskostnað og loks 10 kr. sekt, helminginn til landssjóðs og helminginn til bæjarsjóðs Ísafjarðarkaupstaðar, fyrir ósæmi-legan rithátt um umbodsmann stefnda, og voru hin móðgandi orð einnig ómerkt. Þessum dómi hefur

Skúli Thoroddsen áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, 1. nóv. f. á., og jafnframt 2 úrskurðum, upp kveðnum undir rekstri málsins, öðrum 5. apríl f. á., en með honum neitaði hjeradsdómarinn að víkja úr dómarasæti eptir kröfu áfrýjanda, svo og að frá vísa málinu, hinum upp kveðnum 27. apríl f. á., en með honum var áfrýjanda neitað um gagnstefnufrest — og hefur hann fyrir yfirdóminum krafizt þess, að úrskurðurinn 5. apríl verði úr gildi felldur og undirdómarinn skyldaður til að víkja úr sæti sem dómari í málinu, en öll eptirfarandi meðferð málsins ásamt hinum áfrýjaða dómi dæmd ómerk, en til vara, að úrskurðurinn 27. aprílmán. verði úr gildi felldur, undirdómarinn skyldaður til að setja málið í það ástand, sem það var í 27. aprílmán. 1894, svo og að veita áfrýjanda hæfilegan frest til gagnstefnu, en að öll eptirfarandi meðferð málsins ásamt hinum áfrýjaða dómi verði dæmd ómerk, og til þrautavara, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og áfrýjandi algjörlega sýknaður af kröfum stefnda; svo hefur hann og heimtað sjer til dæmdan málskostnað fyrir báðum rjettum með nægilegri upphæð. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að hinir áfrýjuðu úrskurðir og dómur verði staðfestir, og að honum verði til dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi skaðlaust.

Áfrýjandinn krafðist þess fyrir undirrjettinum, eins og getið er um hjer að framan, að hjeradsdómarinn Lárus Bjarnason viki úr dómarasæti í málinu með því að málið væri honum skylt,

þar sem hin átalda grein í »Þjóðviljanum unga« væri svar eða retorsion á móti greininni »kærunefndarmálið« í 58. tölubl. XX. árg. Ísafoldar, og þar næst af því, að dómarrinn væri tjandmaður áfrýjanda. Hin fyrri ástæðan er þó þýðingarlaus, því að sambandið milli tjeðra greina er eigi svo lagað, að nokkurt tilefni sje til að telja fyrirbyggjandi mál svo nákomið undirdómaranum, að hann fyrir þá skuld hafi verið óhæfur til að fara með það og dæma það. Hin ástæðan fyrir kröfunni um, að hjeradsdómarrinn viki sæti var sú, að hann hefði sýnt sig beran að fjandskap við áfrýjanda, og vitnar áfrýjandinn í því efni til framkomu dómarans í öðru máli, þar er þeir voru málsviðeigendur. Hefur hann því til sönnunar lagt fram útdrátt úr rjettargjörðum tjeðs máls, en samkvæmt honum hefur hjeradsdómarrinn fyrir rjetti í nóvembermánudi 1893, þar er hann mætti sem vitna-stefndur, skömmu áður en fyrirbyggjandi mál var byrjað, haft þau orð um áfrýjanda jafnframt og hann mótmælti honum sem málflytjanda, að hann álitu hann ekki svo heidarlegan, að hann gæti flutt mál fyrir rjetti, að heiðvirðum manni megi renna til rifja að eiga orðastað við annan eins mann, að hann hafi hlæðið helberum ósannindum ofan á helber ósannindi, að hann hafi verið svo óskammfeilinn gagnvart rjettinum, að o. s. frv.; enn fremur hefur hann kallað hann »laungáfaðan«, »einfaldan tyro juris«, »marghrjáðan krossbera«, »saklausu lambið«, borið honum á brýn »götu-drengjatilgátur« og kallað blað hans »götublað«.

hann sjálfan blessaðan sannleikspostula, líkt honum við »iðrandi syndara« og að öðru leyti talað mjög óvirðulega og óvildarlega til hans, svo og fleirsinnis vænt hann ósanninda, og hefur allt þetta komið fram opinberlega fyrir rjetti. Þó orð þessi kæmu fram í málsfærslu dómarans gegn áfrýjanda, bera þau þó, eins og annars öll framkoma dómarans sem stefnda í tjeðu vitnamáli, vott um, að hann hafi borið svo mikinn óvildarhug til áfrýjanda, að hann verður eigi álitinn hafa verið bær til að dæma í máli þessu gegn áfrýjanda. Það verður því að fella úr gildi hinn áfrýjanda úrskurð 5. apríl 1894 og dæma ómerka eptirfarandi meðferð málsins og dóminn í því. Eptir atvikum virðist málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjandi úrskurður 5. apríl 1894 skal úr gildi felldur og eptirfarandi meðferð málsins og hjeradsdómurinn vera ómerkt. Málskostnaður falli niður.

Nr. 48/1894:

Skúli Thoroddsen
gegn
Birni Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta er í hjeradi höfðað af ritstjóra Birni Jónssyni gegn sýslumanni Skúla Thoroddsen, rit-